

FÓKUS

Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2008

Í stjórn síðasta starfsár hafa setið:

<i>Formaður</i>	Valgerður Gunnarsdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Ásta St. Thoroddsen
<i>Meðstjórnendur</i>	Benedikt Benediktsson Arnheiður Guðmundsdóttir Óskar Einarsson
<i>Varamenn</i>	Elísabet Guðmundsdóttir Bjarni Þór Björnsson

Á ársfundi Fókus þ. 29. nóvember 2007 var samþykkt að breyta orðinu faghópur í félag og verður heitið þá; Fókus, félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

Félagsmenn

Félagsmönnum voru 85 nú í október og hefur fækkað lítillega. Kynjaskipting nær hnífjöfn. Dreifing milli starfsgreina er mjög svipuð og áður. Hópurinn skiptist á milli starfsgreina á eftirfarandi hátt:

Frá tölvugeiranum voru 16, frá heilbrigðistofnunum voru 53, frá opinberu stjórnsýslunni voru 6 og aðrir dreifast m.a. á Háskóla Íslands, fyrirtæki og rannsóknarstofnanir og annað.

Stjórn

Engin breyting varð á stjórn félagsins frá árinu áður. Stjórnin hefur haldið 4 fundi á árinu. Þar hafa verið rædd fjöldamörg mál um fundarefni og einnig fyrirhugaða ráðstefnu EFMI árið 2010 í Reykjavík en undirbúningur fyrir hana er þegar hafinn.

ECDL Health

Lokið var þýðingu og staðfæringu á heilbrigðishluta ECDL eða Electronic Computer Driving Licence) á vegum heilbrigðisráðuneytisins og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Gyða Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur vann verkið og næstu skref varðandi innleiðingu prófsins eru nú til skoðunar hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Fundir og ráðstefnur

- Fyrsti fræðslufundur ársins var haldinn þriðjudaginn 22. apríl kl. 16.15 – 17.30 í fundarsal Læknafélags Íslands í Hlíðarsmára. Hann fjallaði um innleiðingu rafræna lyfseðla.
Fyrirlesarar voru:
Gunnar Alexander Ólafsson, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu sem kynnti verkefnið, Arnar Þór Guðmundsson, heilsugæslulæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sem talaði um reynslu lækna af innleiðingunni og Þórbergur Egilsson, forstöðumaður lyfja- og þróunarsviðs Lyfju sem ræddi um reynslu lyfjabúðanna. Fundarstjóri var Arnheiður Guðmundsdóttir. Mæting var mjög góð alls um 60 manns.
- Næsti fundur var einnig haldinn í húsnæði Læknafélagsins í Hlíðarsmára þann 22. maí kl. 16.15-17.30. Þar kynnti Dögg Pálsdóttir hrl. nýtt frumvarp til laga um sjúkraskrár en Dögg var formaður nefndar um samningu frumvarpsins. Þessi fundur var einnig mjög vel sóttur og góðar umræður. Alls mættu um 80 manns.
- Ráðstefna var haldin þann 16. október kl. 13.00 – 16.15 á Hótel Loftleiðum. Hún bar yfirskriftina “Lausnir til framtíðar” og var þar rætt um ýmis konar verkefni þar sem m.a. er verið að nota upplýsingatæknina til að bæta aðgengi að þjónustu í heilbrigðiskerfinu og auka gæði meðferðar sjúklinga
Erindi fluttu þau Svanhildur Þorsteinsdóttir og Lilja Sigrún Jónsdóttir sem töluðu um nýjar upplýsingarveitur landlæknisembættisins, Bjarni Þór Björnsson um heildstæða framtíðarsýn með notkun RAI mælitækisins, Ingibjörg Hjaltadóttir ræddi um greiningu á stýringu innlagna á hjúkrunarheimili með hjálp RAI-mælitækisins, Ólafur Ingþórsson talaði um þráðlausar mælingar á líkamsboðum sjúklings, Kristján Guðmundsson um þróunarverkefni heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Glæsibæ og að lokum ræddi Björn Jónsson um Heilsugátt Landspítalans.
Ráðstefnustjóri var Þorvaldur Ingvarsson, framkvæmdastjóri lækninga á sjúkrahúsi Akureyrar og formaður stýrihóps heilbrigðisráðuneytisins um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Alls mættu 56 manns.

Erlend samskipti

Formaður Fókus sat fundi fulltrúaráðs EFMI í Gautaborg í maí og í London í september. Fundurinn í maí var haldinn í tengslum við MIE ráðstefnuna og sá í London um leið og STC (Special Topic Conference) ráðstefnan um opin kerfi (open source). Þar kynnti Valgerður m.a. undirbúning fyrir STC ráðstefnuna á Íslandi og ræddi við fulltrúa vinnuhópa um þátttöku í undirbúningi fyrir dagskrá ráðstefnunnar sem verður haldin í Reykjavík 2.- 4. júní árið 2010.

Lokaorð

Að lokum þakka ég öllum sem sótt hafa fundi okkar fyrir þátttökuna, fyrirlesurum sem hafa frætt okkur á fundum og stjórn og starfsfólki Skýs fyrir góða samvinnu.

Reykjavík, 14. október 2008

Valgerður Gunnarsdóttir, formaður Fókus